

Umhverfisstefna Háskólans á Akureyri

Samþykkt í háskólaráði 24. júní 2005.

Háskólinn á Akureyri telur sér skylt að taka mið af umhverfissjónarmiðum og sjálfbærri þróun og fylgja, samkvæmt bestu vitund, innlendum og alþjóðlegum samþykktum er varða umhverfisvernd. Leiðarljós fyrir alla starfsemi Háskólans á Akureyri eru 27 meginreglur Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun¹ sem samþykktar voru í Rio de Janeiro 1992. Þannig mun HA taka tillit til umhverfis og náttúru við alla ákvarðanatöku með tilliti til kennslu/menntunar, rannsókna, stjórnunar og reksturs og stefna að því að vera til eftirbreytni fyrir aðra einstaklinga og stofnanir í samfélaginu.

- 1) HA leggur áherslu á að umhverfisfræðsla verði samofin öllum greinum sem kenndar eru við skólann og að umhverfisvernd verði þannig hluti af fagvitund hvers nemanda sem útskrifast frá skólanum. Sömuleiðis leggur HA áherslu á að allt starfsfólk fái upplýsingar um stefnu skólans í umhverfismálum og verði gert að fylgja þeirri vistvernd sem er í verki á hverjum tíma.
- 2) HA býður upp á nám í umhverfisfræðum og leggur áherslu á rannsóknir sem beinast að lausn við hvers kyns umhverfisvanda. Fræðimenn og nemendur eru hvattir til virkni við gagnaöflun og þróun nýrra leiða til verndar náttúrunni og jafnframt því að koma upplýsingum til almennings og stjórnvalda.
- 3) Í allri starfsemi sinni mun HA leitast við sýna vistvernd í verki, að valda umhverfinu sem minnstu tjóni og stefna sífellt að betri árangri í umhverfisvernd í daglegum rekstri skólans.
- 4) Umhverfisstefna HA þarf að ná til stjórnenda, allra starfsmanna og nemendafélaga og verða hluti af daglegu lífi allra, nemenda og starfsmanna. Markmiðs- og framkvæmdaáætlun umhverfisstefnu HA þarf að endurskoða árlega.

¹ Rio Declaration on Environment and Development, A/CONF.151/26 (Vol.I), 1992